



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR2DF09L og STÆR3DF09Ó veturinn 2022-2023.

Kennari: Birgir Guðjónsson.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar seinni hluti,
Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar fyrri hluti,
Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar og
Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar.

Bekkur: 5.Xj.

Lýsing:

Hornaföll, hornafallajöfnur og -ójöfnur. Samsett og andhverf föll. Vísis- og lograföll. Markgildi, samfelld og diffranleg föll. Óeiginleg markgildi og aðfellur.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Haustmisseri:

- Vika 1-4: Hornaföll, hornafallareglur og þríhyrningar (kaflar 2.1-2.3 í stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta ásamt kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk fyrri hluta).
- Vika 5-10: Hornaföll í þríhyrningum, föll og gröf þeirra og bogamál ásamt hornafallajöfnum og -ójöfnum (kafla 2.4 og 3.1-3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta).
- Vika 11-15: Föll, andhverfur og veldi (kaflar 3.4-3.6 í Stærðfræði handa 4. bekk seinni hluta). Vísis- og lograföll (kaflar 1.1-1.2 í Stærðfræði handa 5. bekk seinni hluta).

Vormisseri:

- Vika 1-4: Vísis- og lograföll, vísisvöxtur og markgildi (kaflar 1.3-1.4 og 2.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 5-10: Samfelldni og diffrun (kaflar 2.2-2.3 og 3.1-3.3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 11-14: Óeiginleg markgildi, útgildi, hallabil og ferilteikningar(kaflar 4.1-4.2 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 12 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 12 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**
 - Lesin stærðfræði (stærðfræði I):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.
 - Ólesin stærðfræði (stærðfræði II):
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/3.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.
- **Jólapróf:** Tvö skrifleg próf í 90 mínútur (annað fræðilegt).
- **Vorpróf:** Munnlegt próf (fræðilegt) og skriflegt próf í 90 mínútur.